

Eystrahorn

39. töl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 5. nóvember 2020

www.eystrahorn.is

Furðuverur á Hrekkjavöku



Nicole Wolpher ásamt Elínu Ósk að lesa.

Laugardaginn 31. október, á Halloween, var á bókasafni Hafnar "opnuð" sýningin Fjölbjóðlegar furðuverur á Hrekkjavöku. Um er að ræða samstarfsverkefni MMH, fjölmenningarfulltrúa sveitarfélagsins og íbúa af erlendum uppruna. Fengnir voru sögumenn, íslenskir og útlendir, til að segja sögur af furðu- og yfirnáttúrulegum verum eða öflum í sinni menningu og heimalandi. Frásagnirnar eru prentaðar og hanga uppi á vegg á frummálinu og íslensku, enska þýðingu er svo að finna í sýningaskrá sem enn sem komið er er óheimilt að handleika. "Opnunin" fór þannig fram að nokkrir þátttakenda komu og lásu sitt framlag og Elín Ósk Óskarsdóttir las íslensku þýðingarnar jafnóðum. Þessu var streymt á Facebooksíðu MMH.

Sýningin mun standa fram að aðventu og eru bókasafnsgestir hvattir til að berja hana augum um leið og virtar eru bæði fjöldatakmörkanir og grimuskyldur.

Sögumenn eru:

Malgosiu Reszczyńska sem las fyrir hönd Joönnu Mörtu Skrzypkowsku og Amylee V. Da Silva Trindade sem las fyrir hönd föður síns. Nicole Wolpher frá Svíþjóð. Amor Joy Pepito Mantilla frá Filippseyjum, Beatriz Extrema Dura frá Spáni, Hildur Ýr Ómarsdóttir frá Íslandi, Terezie Herodová frá Tékklandi og Tim Junge frá Hollandi.

Barnabókahöfundar lásu fyrir grunnskólanema



Gunnar Theodór, Yrsa Pöll og Bergrún Íris

Dagana 28. og 29. nóvember heimsóttu barnabókahöfundarnir Yrsa Pöll Gylfadóttir, Gunnar Theodór Eggertsson og Bergrún Íris Sævarsdóttir nemendur á grunn- og gagnfræðaskólastigi.

Höfundarnir eru allir með nýjar bækur þessi jól, Bergrún Íris með Töfralandið og Kennarann sem hvarf sporlaust, Gunnar Theodór með þriðju bókinu um Galdra-Dísu og Yrsa Pöll með fyrstu tvær bækurnar í seríunni Bekkurinn minn. Heimsóknin var í boði Menningarmiðstöðvarinnar en framkvæmdin í höndum starfsfólks skólanna. Vegna sérstakra aðstæðna fór lesturinn fram í Sindrabæ og kunnum við húsráðendum þar allar bestu þakkir.

Lesið var fyrir þrjá hópa og var húsfyllir á hverjum lestri.

Hertar samkomutakmarkanir – starfsemi sveitarfélagsins

Heilbrigðisráðherra hefur gefið út reglugerð um hertar sóttvarnaráðstafanir sem tóku gildi laugardaginn 31. október. Sú breyting tekur nú gildi að **sömu reglur gilda um allt land**. Meginbreytingin felst í 10 manna fjöldatakmörkum í stað 20 áður. Allt íþróttastarf verður óheimilt og sviðslistir sömuleiðis. Gert er ráð fyrir að reglur um hertar aðgerðir gildi til og með 17. nóvember. Þær verða endurmetnar eftir aðstæðum með hliðsjón af því hvort hægt verði að aflétta þeim fyrir, eða hvort framlenging sé nauðsynleg.

Helstu áhrif á starfsemi sveitarfélagsins:

- Sundlaugin lokar.
- Íþróttahúsin verða lokuð.
- Báran verður opin milli kl. 8-12 á virkum dögum fyrir grunnskólanemendur og eldri borgara.
- Börn fædd 2015 og síðar eru nú eingöngu undanþegin fjöldatakmörkunum í stað barna fædd 2005 áður. Grimuskylda gildir þar sem ekki verður hægt að framfylgja fjöldatakmörkunum fyrir öll börn á grunnskólaaldri.

Við hvetjum íbúa til að sýna aðstæðnum skilning og þolinmæði. Aðgerðirnar nú snúa að því að ná faraldrinum niður með það að markmiði að standa vörð um heilbrigðiskerfið. Smitum er ekki að fylgja í Sveitarfélaginu Hornafirði en það getur breyst á svipstundu



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

- Lokað fyrir heimsóknir í Áhaldahúsi og Hafnarvoginni
- Afgreiðsla ráðhúss verður lokuð, hægt er að panta tíma fyrir viðtöl á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is.
- Starfsemi Grunnskóla Hornafjarðar verður með breyttu sniði en skólinn mun senda foreldrum nánari upplýsingar þegar þær liggja fyrir.
- Starfsemi í Ekru verður með breyttu sniði, leiðbeiningar verða sendar til þjónustuþega þegar það liggur fyrir.

líkt og dæmin hafa sýnt. Nú er mikilvægt að standa saman og fylgja sóttvarnareglum, hafið grímu við höndina, þvoið hendur og notið spritt!

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri



Frumherji

**Bifreiðaskoðun á Höfn
16., 17. og 18. nóvember.**

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 13. nóvember.

Síðasta skoðun ársins.

Frumherji

Pegar vel er skoðað

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA FÉLAGAR Í FEH



Ekkert starf verður á vegum
Félags eldri Hornfirðinga til 17.
nóv. vegna covid-19.
Önnur starfsemi í Ekru er
félaginu óviðkomandi.



Hunda og kattaeigendur athugið! Árleg ormahreinsun hunda og katta!

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna COVID-19 verður breytt fyrirkomulag á
ormahreinsun hunda og katta í ár.

Janine Arens, dýralæknir, verður með ormahreinsun fyrir hunda
og ketti á tímabilinu **9. nóvember til 14. desember**. Dýraeigendur
verða að panta hreinsun á þessu tímabili.

Hafa skal samband við Janine í síma 690 6159 eða tölvupóst
janine@javet.is fyrir tímaböndun.

Sé dýrið ekki á skrá sveitarfélagsins þarf að skrá það. Skráningar fara fram í
afgreiðslu ráðhúss. Nánar um skráningar: afgreidsla@hornafjordur.is

Hunda- og kattaeigendum er bent á að það er brot á samþykktum um
hunda- og kattahald ef ormahreinsun er ekki sinnt. Því er hunda- og
kattaeigendum bent á að nýta umræddan tíma til þess að koma dýrum
sínun í árlega ormahreinsun.

*Anna Ragnarsdóttir Pedersen
Umhverfisfulltrúi*

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

**Er kaupandi að heyi fyrir
hross í Hornafirði.**

**S: 552-3226 / 845-9444
Haraldur Antonsson**



**Hafið samband í síma 866-0239
Reynir Haukur Hauksson**



HEIMASÍÐUR UMBROT OG AUGLÝSINGAR

Hafðu samband:
tjorvi@upplausn.is
eða í s: 848-3933



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófararklestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

**HLS ehf.
Rnr. 0537-14-409068
Kt. 500210-2490**

Félag eldri Hornfirðinga hvílir starfsemi sína



FEH skoða Flóaáveituna í september fyrir ári. Vonandi stýttist í að hægt verði að fara í góða ferð.

Í ljósi nýrra sóttvarnareglna hefur stjórn FEH ákveðið að hvíla starfsemiina meðan þessar reglur eru í gildi.

Samkvæmt fyrirmælum er okkur ætlað að vera með starfsemi félagsins eingöngu í innri herbergjum Ekru og ganga inn um smíðastofudyrnar sem okkur finnst illframtæmanlegt.

Við viljum sýna varúð í verki og ekki bera ábyrgð á neinu starfi til 17. nóvember. Við vonum að þá verði ástandið farið að lagast og við getum aftur komist inn í Ekru um réttan inngang og hafið starfsemiina á ný með gleði í hjarta. Þangað til er upplagt að njóta útivistar eins og hægt er og fylgja öllum sóttvarnareglum svo sem fjarlægðartakmörkum, handþvotti, sprittun og grímunotkun.

En auðvitað verður þetta allt að koma í ljós og við tökum upp þráðinn strax og hægt verður og auglýsum á fb-síðum og hér í blaðinu og þið fylgist með.

Við gerum þetta saman. Komum svo hress og kát eftir að þessu lýkur.

*Guðbjörg Sigurðardóttir
formaður*

Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands

MEGINÁHERSLUR



Um var að ræða síðari úthlutun sjóðsins á árinu 2020. Umsóknir voru samtals 165, í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna bárust 72 umsóknir og 93 umsóknir í flokki menningarverkefna. Í heild var úthlutað 40 m.kr. eða 20 m.kr. í hvorn flokk til samtals 85 verkefna, 31 verkefni í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna og 54 verkefni í flokki menningarverkefna.

14 verkefni úr Sveitarfélaginu Hornafirði hlutu styrk. Í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna hlaut Sólsker ehf. styrk til vöruþróunar og markaðsetningar á sínum vörum og einnig fékk Pálmi Geir Sigurgeirsson styrk til framleiðslu á tilbúnum matvælum úr villibráð.

Í flokki menningarverkefna hlutu: Hlynur Pálmason styrk fyrir stuttmyndina *"Hreiðrið"*, Tjörvi Óskarsson fyrir verkefnið *"Allt í björtu báli – Ég var ung gefin Njáli"* sem er fjölmennningarlegt samspil listformanna ritlistar, tónlistar, dans, myndlistar og kvikmyndagerðar og byggir á brenninni að Bergþórshvoli úr Brennu-Njálssögu en verkefnastjóri er Stefán Sturla Sigurjónsson. Blús- og rokklúbbur Hornafjarðar hlaut styrk fyrir tónlistarhátíðina *"Norðuljósablús 2021"*. Gisli Magnússon fyrir *"Gimaldín í Fagurhólmsmýri"*. Hanna Dís Whitehead fyrir *"Steinaríkið"* en það er samvinnuverkefni Hönnu og náttúrugripasafns Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar en í verkefninu verða Steinar í safninu skoðaðir og unnið út frá þeim tuftuð teppi innblásin af þeim og í kjölfarið verður haldin sýning á steinunum og teppunum. Lind Völundardóttir hlaut styrk fyrir verkefni *"MUUR"*. Menningarmiðstöð Hornafjarðar fékk styrk fyrir 6 verkefni, myndlistarsýningu á verkum Katrínar Sigurðardóttur, *"Fornbyli í landslagi – ljósmýnda- og veggspjaldasýning"*, *"Sundlaugarparty"*, heimsókn barnabókahöfundar í Grunnskóla Hornafjarðar, rithöfundakvöld og upplestrarkvöld með fjölmennningarlegu ívafi.

Eystrahorn óskar öllum styrkþegum til hamingju.

Opið frá kl. 13:00-18:00 virka daga og frá kl. 13:00-16:00 alla laugardaga fram að jólum

Senn líður að jólum og nú ríkir jólastemning í verslun okkar.

Þú finnur jólagjöfina hjá okkur. Mikið úrval af nytsamlegum fallegum gjöfum.

Hlökkum til að taka á móti ykkur

Símar: 478-2535 / 898-3664

Húsgagnaúval

Húsgögn og gjafavörur

Ráðning á framkvæmdastjóra og rannsókn- og þróunarstjóra Orkídeu

Gengið hefur verið frá ráðningu á framkvæmdastjóra og rannsókn- og þróunarstjóra Orkídeu.

Sveinn Aðalsteinsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri nýsköpunarverkefnisins Orkídeu. „Ég tel að aukin áhersla á nýsköpun á Suðurlandi tali beint inn í þá landkosti og mannauð sem svæðið býður upp á. Áhugi samfélagsins á nýtingu grænnar orku til matvælaframleiðslu hefur aukist mikið sem er mjög ánægjulegt. Hér á Suðurlandi er mikil reynsla af hátæknimatvælaframleiðslu og öflugir frumkvöðlar sem ég hlakka mjög til að vinna með. Okkur eru allir vegir færir.“ segir Sveinn sem er spenntur að takast á við ný og spennandi verkefni.

Sveinn Aðalsteinsson starfaði áður sem m.a. framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem sérfræðingur og framkvæmdastjóri um uppbyggingu ylræktar á Hellisheiði, framkvæmdastjóri Starfsafls starfsmenntasjóðs, skólameistari Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann hefur setið í fjölmörgum stjórnun s.s. í stjórn Háskólafélags Suðurlands og Fræðslunets Suðurlands og tekið þátt fjölmörgum verkefnum á sviði náttúrunýtingar og ylræktar.



Sveinn útskrifaðist með B.Sc. gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands, doktorspróf, Ph.D., í plöntulífisfræði frá Lundi í Svíþjóð, *docent* titil við sænska landbúnaðarháskólann og M.Sc. gráðu frá Háskóla Íslands með áherslu á stjórnun og stefnumótun.

Helga Gunnlaugsdóttir hefur verið ráðin sem rannsókn- og þróunarstjóri Orkídeu. „Ég hef mikinn áhuga á að gera íslenska matvælaframleiðslu umhverfisvænni með nýtingu grænnar orku og stuðla að nýsköpun og verðmætasköpun á sviði matvælaframleiðslu með sjálfbærni og hringrásarhagkerfið að leiðarljósi og hlakka mikið til að beita þekkingu minni og reynslu við að takast á við ný verkefni. Ég tel að Ísland eigi mikla möguleika á að takast á við samfélagslegar áskoranir sem tengjast fæðuöryggi, sjálfbærni og umhverfismálum með aukinni nýtingu á grænni orku og vil leggja mitt að mörkum til að svo megi verða.“



Helga hefur starfað hjá Matis í 14 ár þar sem hún hefur tekið þátt í fjölmörgum innlendum og alþjóðlegum rannsóknaverkefnum sem tengjast nýsköpun og rannsóknunum á sviði matvælaframleiðslu og lýðheilsu. Helga hefur verið gestaprófessor við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands frá 2012.

Helga er með B.Sc. gráðu í matvælafræði frá Háskóla Íslands, M.Sc. gráðu í matvælafræði frá Tækniháskólanum í Nova Scotia í Kanada og doktorspróf í matvælafræði frá háskólanum í Lundi í Svíþjóð.

Nánar um Orkídeu.

Orkídea er samstarfsverkefni Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Landsvirkjunar, Landbúnaðarháskóla Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um nýsköpun á Suðurlandi.

Orkídea snýst um uppbyggingu orkutengdra tækifæra framtíðarinnar á Suðurlandi, til dæmis við matvælaframleiðslu og líftækni, sjálfbæra nýtingu audlinda, sprotastarfsemi og að undirbúa svæði til að taka á móti orkutengdri nýsköpun. Eitt meginmarkmiða samstarfsins er að auka verðmætasköpun í matvælaframleiðslu á Suðurlandi og gera framleiðsluna umhverfisvænni með nýtingu á grænni orku sem býr þannig til tækifæri fyrir íslenska matvælaframleiðendur til að vera samkeppnishæfir á alþjóðamarkaði. Ætlunin er að stuðla að aukinni nýsköpun og rannsóknunum á sviði hátæknimatvælaframleiðslu með öflugri samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf og fjölga möguleikum svæðisins til að takast á við áskoranir samtímans og gera Suðurland leiðandi þegar kemur að samspili orku, umhverfis og samfélags.

Heiti samstarfsverkefnisins, Orkídea, vísar bæði til grænu orkunnar og til þeirrar hugmynda – ídea – sem spretta upp í frjóm farvegi.

Menningarverðlaun Suðurlands 2020



Eva Björk Harðardóttir afhendir Rut Ingólfssdóttur og Birni Bjarnasyni viðurkenningu fyrir menningarstarf að Kvoslæk. Mynd: Gunnar Páll Pálsson

Á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldið var í fjarfundi dagana 29. og 30. október var Rut Ingólfssdóttur og Birni Bjarnasyni að Kvoslæk í Fljótshlíð veitt Menningarverðlaun Suðurlands 2020. Verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun á sviði menningar á Suðurlandi. Er þetta í annað sinn sem verðlaunin eru veitt. Alls skiluðu sér inn 15 tilnefningar um 12 verkefni. Samkeppni um verðlaun af þessu tagi er mikil enda menningarlíf á Suðurlandi blómlegt og valið var því erfitt. Mikil breidd var í tilnefningum og gæðum þeirra. Tilnefningarnar eru aðeins toppurinn á ísjakanum í því mikla menningarstarfi sem á sér stað í fjórðungnum.

Rut og Björn hafa staðið fyrir menningarviðburðum á borð við tónleika og fyrirlestraraðir frá árinu 2011. Tónleikarnir eru klassískis eðlis og hafa Rut og Björn fengið til liðs við sig fólk bæði úr heimahéraði sem og af höfuðborgarsvæðinu til að flytja fyrir gesti tónverk eftir nokkra þekktu Íslendinga og Bach, Mozart, Mendelssohn svo eitthvað sé nefnt. Rut hefur auk þess átt í samstarfi við kirkjukóra frá Breiðabólstað og frá Odda og Þykkvabæ og hélt hópurnir tónleika í þremur kirkjum á Suðurlandi. Hafa Rut og Björn lagt sig fram um að efla tónlistarstarf í sveitarfélaginu og hafa t.a.m. boðið nemendum Tónlistarskóla Rangæinga á tónleika, sem haldnir hafa verið í Hlíðunni að Kvoslæk, til að hvetja þau til frekara tónlistarnáms. Klassíska tónlistin sem ómar frá Kvoslæk lyftir fólki og menningunni með og stuðla þau Rut og Björn að fjölbreyttri menningarupplifun í sveitarfélaginu sem og Suðurlandi.

Segir í rökstuðningi dómnefndar að hjónin á Kvoslæk hafi með drifkrafti sínum og eljusemi vakið verðskuldaða athygli á metnaðarfullum menningarviðburðum og hafi komið með ferskan innblástur í menningarlífið á staðnum. Menningarstarfsemi þeirra hafi vakið eftirtekt fyrir fjölbreytni og gefið jákvæða mynd af sunnlenskri menningu. Viðburðir þeirra hafi stuðlað að þátttöku íbúa á Suðurlandi og um leið laðað gesti að landshlutanum. Fyrirlestrarnir hafi í flestum tilvikum fjallað um efni sem tengjast Suðurlandi og þannig hafi þau einnig vakið athygli á menningararfi Sunnlendinga.

BEIKON
BORGARI
MÁLTÍÐ

Bacon burger meal

1.895 kr.



FJÖLSKYLDU
TILBOÐ

Family special

4.495 kr.



Tilboð gilda út nóvember 2020

N1 Höfn



Nesti

FRÁBÆR HELGARTILBOÐ Í NETTÓ!



-40%

Úrbeinaður gríshnakki
Með eplum og kanil

1.499 KR/KG
ÁÐUR: 2.499 KR/KG

KJÖTSEL



-55%

Kalkúnaleggir
Lausfrystir - 3 stk

399 KR/KG
ÁÐUR: 887 KR/KG



KJÖTSEL

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

-32%

Lambahryggur
Léttreyktur

2.855 KR/KG
ÁÐUR: 4.199 KR/KG



-20%

Hamborgarar
4x90 gr - með brauði

959 KR/PK
ÁÐUR: 1.199 KR/PK

Danpo



-20%

Kjúklingalundir
700 gr

959 KR/PK
ÁÐUR: 1.199 KR/PK



-15%

Brikk pizzabotn
300 gr - Súrdeig

552 KR/PK
ÁÐUR: 649 KR/PK

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA



-20%

Nettó kleinar
13 stk

503 KR/PK
ÁÐUR: 629 KR/PK



HELGARSTEIKIN!

-31%

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Lambalæri
Bláberja

1.490 KR/KG
ÁÐUR: 2.159 KR/KG

KJÖTSEL

-25%

Bio-Kult
Candéa
100 gr

2.159 KR/PK
ÁÐUR: 2.879 KR/PK



Heilsuvara
vikunnar!

Bökunarkartöflur

135 KR/KG
ÁÐUR: 269 KR/KG

-50%



ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

NETTÓ STYÐUR ÍSLENSKA
FRAMLEIÐSLU ALLT ÁRIÐ
UM KRING

Tilboðin gilda 5. – 8. nóvember

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó

Lægra verð - léttari innkaup